

Alþingi  
Erindi nr. P 139/60  
komudagur 1.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 1. nóvember 2010

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámark transfitúsýra í matvælum, 11. mál.**


Neytendasamtökin fagna tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitúsýra í matvælum og telja löngu tímabært að stjórnvöld gripi til aðgerða.

Neytendasamtökin hafa ítrekað hvatt til þess að íslensk stjórnvöld fari að dæmi Dana og setji reglur sem takmarka magn um transfitúsýrur í matvælum og var erindi þess efnis var sent til umhverfisráðherra og heilbrigðisráðherra í janúar 2007. Neytendasamtökin hafa einnig sent jákvæðar umsagnir við fyrri þingsályktunartillögur sama efnis.

Neytendasamtökin hvetja Alþingi til að hafa hagsmuni neytenda að leiðarljósi og láta lýðheilsusjónarmið ráða för líkt og Danir hafa gert. Transfitúsýrur eru ekki nauðsynlegar í matvælaframleiðslu og margir framleiðendur hafa breytt framleiðsluháttum sínum á undanförunum árum. Það er óumdeilt að transfitúsýrur eru óhollar og því er ábyrgðarhluti hjá stjórnvöldum að aðhafast ekkert í þessu máli.

Eflaust verður þróunin sú að svokallaðar iðnaðarframleiddar transfitúsýrur verði alfarið bannaðar en íslenskir neytendur eiga ekki að þurfa að bíða eftir tilskipun frá Evrópusambandinu. Íslensk stjórnvöld geta tekið af skarið og ber skylda til þess að mati Neytendasamtakanna.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Brynhildur Pétursdóttir